

Fundur í stjórn Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu, Laufskógum 1, fimmtudaginn 5. september kl. 16:15.

Mætt: Ásdís Helga Bjarnadóttir formaður, Kristjana Björnsdóttir varaformaður, Guðrún Ragna Einarsdóttir, Sigrún Blöndal, Þórdís Sveinsdóttir og Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri.

Ásdís Helga setti fund og bauð viðstadda velkomna. Sérstaklega bauð hún velkoma Sigrúnu Blöndal sem nú tekur sæti Steinar Inga Þorsteinssonar í stjórn safnsins en hann er fluttur af svæðinu og hefur þar af leiðandi sagt sig úr stjórn.

Elsa Guðný lagði til breytingu á dagskrá og að liðurinn Vinnuaðstaða starfsfólks Minjasafns – staða og úrbætur, yrði færður og tekinn fyrir fyrstur. Samþykkt samhljóða.

1. Vinnuaðstaða starfsfólks Minjasafns – staða og úrbætur

Kjartan Róbertsson, yfirmaður eignasjóðs Fljótsdalshéraðs, sat fundinn undir þessum lið. Kjartan og Elsa Guðný lögðu fram minnisblað um loftgæði í vinnurými Minjasafns Austurlands í Safnahúsinu, Laufskógum 1, Egilsstöðum og breytingar á vinnuaðstöðu starfsmanna.

2. Fjárhagsáætlun ársins 2020

Elsa lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Gert er ráð fyrir að framlög sveitarfélaganna verði samtals 28 milljónir á árinu 2020. Samþykkt samhljóða.

3. Kjarvalshvammur

Elsa Guðný fór yfir stöðu framkvæmda í Kjarvalshvammi

4. Skýrsla safnstjóra

Sumarið:

Gestafjöldi á safninu í júní, júlí og ágúst var mjög svipaður og í fyrra samkv. talningu: 1372 samanborðið við 1402 í fyrra.

Viðburðir:

1. júní var haldið málþing í Safnahúsinu undir yfirskriftinni *Handverk og hefðir: Hvaðan komum við? Hvert stefnum við? Hvar liggja tækifærin*. Málþingið var hluti af stærra samstarfsverkefni Minjasafnsins, Hallormsstaðaskóla og Heimilisiðnaðarfélags Íslands.

31. ágúst heimsótti þýski rithöfundurinn og blaðakonan Anne Siegel Safnahúsið og las upp úr bók sinni *Frauen Fische Fjorde* sem fjallar um þýsku landbúnaðaverkakonurnar sem komu til Íslands árið 1949.

Starfsmannamál:

Edda Björnsdóttir hefur látið af störfum við Minjasafnið og Eyrún Hrefna Helgadóttir hafið störf í hennar stað.

Stjórn þakkar Eddu fyrir vel unnin störf í þágu safnsins undanfarin ár og óskar henni velfarnaðar. Jafnframt er Eyrún Hrefna boðin velkomin til starfa.

Framundan:

BRAS: Minjasafnið tekur virkan þátt í BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi. Safnið mun bjóða upp á smiðjur fyrir grunnskóla og einnig þrjár opnar smiðjur ætlaðar almenningi.

Kynning á kennarabingi: Óskað hefur verið eftir því að fulltrúar safnsins kynni námsefni og fræðslustarf safnsins á kennarabingi 13. september. Elsa Guðný og Eyrún Hrefna munu sækja þingið og kynna safnið.

Námskeið í samstarfi við Hallormsstaðaskóla og Heimilisiðnaðarfélag Íslands:

Framundan eru námskeið sem safnið mun standa fyrir í samstarfi við Hallormsstaðaskóla og Heimilisiðnaðarfélag Íslands. Námskeiðin eru hluti af stærra samstarfsverkni þessara aðila sem ber yfirskriftina Handverk og hefðir.

Farskóli safnmanna: Farskóli safnmanna, fagráðstefna safna á Íslandi, verður að þessu sinni á Patreksfirði í byrjun október og munu Elsa Guðný og Eyrún Hrefna sækja hann.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:05

Fundargerð ritaði Elsa Guðný

Stefnt að næsta fundi í nóvember